

EFTIRLITSSKÝRSLA

H. Kristjánsson ehf. Brekku, Mjóafirði



Dags eftirlits	27.10.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	H. Kristjánsson ehf.	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Brekku	Tegund eftirlits	Lokunareftirlit
Kennitala	410908-1820	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Jóhanna Lárusdóttir	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Um lokunareftirlit er að ræða.

Engin frávík komu fram í eftirlitinu og engar ábendingar voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn vegna lokunareftirlits í fiskeldisstöð H. Kristjánssonar ehf. í Mjóafirði.

Engin starfsemi hefur verið í stöðinni síðan árið 2015. Rekstraraðili sótti um niðurfellingu starfsleyfisins þann 20. nóvember 2017. Farið var í eftirlit á vegum Umhverfisstofnunar árið 2019 og var frágangi þá ekki lokið.

Í eftirlitsskýrslu árið 2019 kom fram að: 1) Þrjár kvíar væru enn úti á firðinum. 2) Þrjú kvíahringir væru í fjörunni innan við Hesteyri. 3) Plaströr í kvíahringi væru á tveimur stöðum í Brekkuborpinu.

Engar kvíar eru nú úti á firðinum, tveir kvíahringir eru enn í fjöru í firðinum en þeir hafa verið seldir og eru því ekki á ábyrgð rekstraraðila, plaströrum hefur verið komið fyrir á lagersvæði í eigu rekstraraðila. Frágangur telst því fullnægjandi og engar athugasemdir eru gerðar.

Þrjár baujur sem tengjast starfsemi rekstraraðila eru á firðinum. Óskað hefur verið eftir að nýta þær sem ból m.a. fyrir skútur á vegum Siglingaklúbbs Austurlands. Ekki eru gerðar athugasemdir við þau áform og því ekki gerð krafa um að baujurnar verði fjarlægðar.


ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru gerðar í eftirlitinu.

1 Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávík.

Reykjavík, 20.11.2023


Freyr Ævarsson